

Halldór Árnason

Efling starfsemi Aðalræðisskrifstofu Íslands í Winnipeg



**Greinargerð og tillögur til utanríkisráðherra,
Guðlaugs Þórs Þórðarsonar**

Janúar 2020

Formáli

Starfsemi aðalræðisskrifstofu Íslands í Winnipeg, sem var stofnuð árið 1999, markaði þáttaskil í samskiptum Íslendinga og Vestur-Íslendinga. Skrifstofan hefur gegnt veigamiklu hlutverki í að efla menningarleg tengsl Íslands við afkomendur Íslendinga sem fluttust til Kanada í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar og viðskipti eftir fönngum. Rekstur skrifstofunnar hefur grundvallast á ríkum vilja íslenskra stjórnvalda til að rækta áfram tengslin við þessa afkomendur þar sem Íslendingabyggðirnar í Manitoba hafa verið í forgrunni.

Utanríkisráðherra fól undirrituðum að fara yfir starfsemi og verksvið aðalræðisskrifstofunnar, kortleggja fyrirliggjandi verkefni og tengslanet og koma með tillögur um hvernig megi efla starfsemina enn frekar innan núverandi fjárhagsramma. Einkum verði hugað að því að efla aðkomu aðalræðisskrifstofunnar að frekari menningar- og viðskiptatengslum Íslands við Vestur-Íslendinga, t.d. með auknu verkefnafé. Loks verði skoðað hvort hægt sé að hagræða í rekstri skrifstofunnar.

Hér á eftir fer niðurstaða þeirrar vinnu. Áður en kemur að tillögugerðinni er í stuttu máli farið yfir samskipti fram að stofnun sérstakrar aðalræðisskrifstofu í Winnipeg árið 1999 og þau þáttaskil sem skrifstofan hefur markað í að auka samskipti Íslendinga og íslenskættaðs fólk vestra.

Undirritaður átti samtöl við fyrrum aðalræðismenn í Winnipeg þá Svavar Gestsson, Atla Ásmundsson, Hjálmar W. Hannesson og Þórð Bjarna Guðjónsson. Einnig átti undirritaður samtöl við Pétur Ásgeirsson, sendiherra Íslands í Kanada, Almar Grímsson, fyrrum formann Þjóðræknisfélags Íslendinga og stjórnar Snorrasjóðs, Eric Stefanson, fyrrum fjármálaráðherra Manitoba og áhrifamann í kandadískum stjórnámálum og Pétur Þ. Óskarsson, framkvæmdastjóra Íslandsstofu. Tillögurnar sem hér fylgja taka m.a. mið af þessum samtölum sem og þekkingu og reynslu undirritaðs á vettvangi samskipta við Kanadamenn af íslenskum ættum um langt árabil.

Reykjavík 17. janúar 2020



1. Forsagan

Íslensku þjóðinni fjölgaði mjög á 19. öld án þess að atvinnulífið efldist að sama skapi. Margir lifðu undir fátæktarmörkum við sárustu örbyrgð og sáu vart fram á betra líf sér og afkomendum sínum til handa.

Árið 1870 var íbúatala á Íslandi um 70.000 manns. Um það bil 75% landsmanna voru bændafólk, 10% höfðu lífsviðurværi sitt af fiskveiðum og fiskvinnslu og 15% voru iðnaðarmenn eða í þjónustu þess opinbera. Samanlagður íbúafjöldi Reykjavíkur og Akureyrar var þá um 3.000 manns. Langflestir íbúanna bjuggu í dreifbýli. Tuttugu árum síðar hafði landsmönnum einungis fjölgað um 1.000 en íbúum Reykjavíkur og Akureyrar um 1.300.

Talið er að allt að 20.000 Íslendingar hafi flust vestur um haf á árunum 1855–1914 eða rúmlega 20% þjóðarinnar. Langflestir fóru frá Norðurlandi og Austurlandi. Ástæður flutninganna voru margvíslegar og verða ekki tíundaðar hér. Um 80% þeirra sem fluttu á brott voru undir 40 ára aldri. Þéttbýlisvæðingin og vesturferðirnar komu í veg fyrir að mannfellir yrði í landinu eins og svo oft hafði gerst á öldum áður.

Skipulagðir fólksflutningar til Norður-Ameríku hófust upp úr 1870 þegar skipafélögin hófu markaðssókn á Íslandi og fulltrúar þeirra ferðuðust um landið og hvöttu óspart til brotflutnings. Áður höfðu nokkrir íslenskir mormónar flust búferlum til Utah í Bandaríkjunum og nokkrir Þingeyingar fluttu til Brasilíu. Flestir settust að í Kanada en einnig sunnan landamæraanna í Wiscousin, Minnesota og Norður-Dakota.

Þegar leið á vesturfaratímabilið fóru margir yfir hafið til að komast í nábýli við ættingja og vini sem þar bjuggu og gátu greitt götu þeirra í nýjum heimkynnum.

Þéttbýlismyndun og vélvæðing sjávarútvegs leiddi til þess að vesturferðum fækkaði mjög upp úr aldamótunum 1900. Um svipað leyti fengu Íslendingar heimastjórn, lífskjör bötnuðu og bjartsýni jókst. Auk þess má nefna að eftir að síldarævintýrið hófst, árið 1903, sköpuðust aukin tækifæri innanlands fyrir duglegt fólk.

2. Frammistaða Íslendinga í Vesturheimi

Vaxandi þjóðerniskennd á Íslandi á seinni hluta 19. aldar leiddi til þess að Vesturfararnir voru gjarnan sakaðir um flóttu frá fósturjörðinni og svik við þjóðina og því vottaði oft fyrir samviskubiti hjá þeim sem sigldu á brott. Skilnaðurinn við heimalandið var blandinn miklum sársauka. Heimþrá varð mörgum ásækin þegar vestur kom og gerði mönnum fyrstu sporin í Vesturheimi erfiðari. Með tímanum settust flestir Vestur-Íslendingar að í Winnipeg og bjuggu til að byrja með við mikla fátækt og ömurlegar aðstæður. Smám saman batnaði hagur þeirra og komust sumir til metorða.

Maður skyldi halda að þeir sem hurfu á braut vildu fegnir gleyma þessu volaða vesæla landi, en það var öðru nær. Ekki voru þeir fyrr komnir vestur um haf en ákveðið var að stofna „*Nýja Ísland*“, þar sem íslenska skyldi töluð og íslensk menning höfð í hávegum. Á fyrstu Íslendingahátíðinni 2. ágúst 1874 í Milwaukee í Wisconsin sagði séra Jón Bjarnason, sem þá þegar hafði tekið forystu meðal Vesturfaranna, að „*það væri heilög og háleit skylda hvers Íslendinga að gleyma ekki eigin tungu sinni*“ þótt óumflýjanlega þyrftu innflytjendurnir að geta bjargað sér á ensku.

Styrkur íslenskunnar í Vesturheimi sést vel á blómlegri útgáfustarfsemi á íslensku þar vestra. Í Winnipeg myndaðist kjarni íslenskra menntamanna og fjölmargir Vestur-Íslendingar fengust við að yrkja og semja sögur á íslensku. Ber þar hæst verk Stephans G. Stephanssonar og Jóhanns Magnúsar Bjarnasonar. Einnig má nefna Káin, Jakobínu Johnson og Guttorm J. Guttormsson, þann eina þeirra sem var fæddur vestra. Íslensk blaðaútgáfa hófst fljótlega vestanhafs. Fyrsta blaðið *Framfari*, aflaði allmargra kaupenda á Íslandi. Þekktust voru blöðin *Heimskringla*, sem stofnað var 1886, og *Lögberg* sem fyrst kom út 1888. Þau sameinuðu krafta sína árið 1959 undir heitinu *Lögberg-Heimskringla*. Blaðið sem kemur nú út í enskri útgáfu hefur verið gefið út lengur en nokkurt annað blað þjóðarbrotis í Kanada. Íslenskar bækur að vestan urðu snemma vinsælar á Íslandi og Íslendingar vestra keyptu kynstrin öll af bókum frá Íslandi.

3. Hollustan við gamla landið

Íslendingar sem fluttu búferlum til Vesturheims voru alla tíð stoltir af ætterni sínu. Þeir nefndu bæi sína íslenskum nöfnum, töluðu íslensku, lásu bækur á íslensku. Mæður og ömmur vestra, afar og feður innrættu börnum sínum og barnabörnum að vera stolt af sögu sinni og arfleifð, að Ísland væri gott land og þar byggi gott fólk.

Upp úr aldamótunum 1900 fór viðhorf Íslendinga til vesturferða að breytast og þróast og ekki síður viðhorfið vestra heim til Íslands. Menn höfðu yfirleitt áttað sig á því að þeir sem fóru vestur voru ekki lýður sem best var að losna við, enda kom í ljós að margir landnemanna náðu að koma sér vel fyrir og verða mektarfólk í nýju landi.

Ameríkufararnir kynntust ýmsum nýjungum vestanhafs sem þeir töldu að gætu fært Ísland nær nútímanum. Hér skulu nefnd fáein dæmi um einlægan velvilja þessa fólks til að verða gamla landinu að liði.

- **Ísak Jónsson og Jóhannes Nordal** komu heim sumarið 1894 frá Kanada beinlínis til að byggja íshús. Þeir höfðu lært tækni til að geyma matvæli fryst vikum og mánuðum saman með því að safna ís, koma honum vel fyrir í einangruðum geymslum og blanda hann salti. Þessi einfalda verknýjung varð hreinasta bylting í íslensku atvinnulífi. Með bættri geymslutækni varð til dæmis unnt að veiða síld í meira magni en áður.
- **Sigtryggur Jónasson** hafði með sér til Íslands 1894 sammingsdrög við enskt fyrirtæki um stofnun sérstaks ensk-íslensks félags sem hugðist annast samgöngur á Íslandi og milli landa. Félagið óskaði eftir leyfi og fjárstyrk til þess að halda uppi beinum gufuskipaferðum milli Reykjavíkur og Englands ásamt strandferðum við Ísland.
- Haustið 1894 kom **Frímenn B. Arngrímsson** til Íslands eftir 20 ára útivist, fyrstur manna til að boða Íslendingum fagnaðarerindi rafmagnsins. Hann færði bæjarstjórn Reykjavíkur tilboð frá General Electric um efni til raflýsingar. Jafnframt kom hann því til leiðar að bæjarstjórnin lét mæla vatnsmagnið í Elliðaáam. Frímenn taldi möguleika á að raflýsa húsin í Reykjavík með tíunda hluta þeirrar orku sem fengist með virkjun Skorarhylsfoss. Boðskapur Frímenns fékk dræmar undirtektir.
- Vorið 1913 komu **Sveinn Oddsson og Jón Sigmundsson** að vestan með Fordbíl. Áður höfðu örfáir bílar verið fluttir hingað til lands, sá fyrsti árið 1904. Smám saman fjölgaði bílunum og á árunum 1916-25 voru fluttar til landsins nærri 500 bifreiðar, flestar frá Vesturheimi.
- Árið 1911 lögðu Vestur-Íslendingar frændum og vinum á Íslandi lið í **almennri fjársöfnun um gerð stytta af Jóni Sigurðssyni** á 100 ára fæðingarafmæli hans. Framlagið í Vesturheimi var það myndarlegt að afráðið var að gera afsteypu af styttni og senda vestur um haf. Styttan prýðir þinghúsgarðinn í Winnipeg.
- Málsmetandi menn í Winnipeg beittu sér meðal landa vestanhafs fyrir **söfnun hlutafjár við stofnun Eimskipafélags Íslands**. Heildarhlutafé var í upphafi 800 þús. kr. og áttu Vestur Íslendingar um 25% í fyrirtækinu. Líklegt má telja að þátttaka Vestur-Íslendinga hafi ráðið úrslitum um að félagið komst á legg, félag sem skipti máli í sjálfstæðisviðleitni Íslendinga. Þátttaka þeirra er ekki síst merkileg fyrir þær sakir að ekki var ætlunin að skip félagsins þjónuðu byggðum Vestur-Íslendinga á nokkurn hátt.

- Í maí 1920 kom til landsins **Frank Fredrickson lautinant**. Hann var flugmaður, hafði tekið þátt í stríðinu og var fyrirliði í íshökkíliðinu Fálkunum. Kom hann beint frá Antwerpen þar sem hann hafði fengið ólympíugull ásamt félögum sínum í keppnisliði Kanada. Hann flaug hér allt sumarið ótal ferðir með einn farþega í einu. Ekki var rekstrargrundvöllur fyrir frekari flugstarfsemi að sinni.
- Íslendingar voru fyrstir þjóðarbrotar í Manitoba til að koma á fót elli- og hjúkrunarheimili. Árið 1918 bauð Lúterska kirkjufélagið í Winnipeg **sr. Sigurbirni Á Gíslasyni** vestur um haf. Ferðin var honum mikil reynsla og markaði upphafið að starfsemi elliheimila á Íslandi. Þegar heim var komið hvatti hann til þess að stofnað væri hér á landi elliheimili sem líktist Betel í Winnipeg. Elliheimilið Grund tók til starfa við Kaplaskjólsvog í Reykjavík haustið 1922.

4. Samskiptin á 20. öld

Kanadamenn í Manitoba af íslenskum ættum hafa alla tíð skorið sig úr og lagt mikla áherslu á arfleifðina. Þeir hafa minnst upprunans við öll möguleg tækifæri, haldið tungumálinu við og Íslendingasögunum hátt á lofti. Þeir hafa erfð það mikilvægasta í fari Íslendinga, eru hugrakkir og hafa stundað fiskveiðarnar, landbúnaðinn og búfjárræktina sem fyrr, lagt áherslu á menntun og verið menningarlega sinnaðir.

Um 50 þjóðarbrot búa í Manitoba. Íslendingahátíðin í Gimli fyrstu helgina í ágúst ár hvert slær öllum hátíðum þjóðarbrotu við en hana sækja 40-60 þúsund manns. Ekkert annað þjóðarbrot hefur svona helgi frátekna fyrir sig og þá sem vilja gleðjast með Íslendingum.

Öll hin þjóðræknislegu samtök, sem Íslendingar hafa stofnað á langri vegferð sinni í Vesturheimi, eru sprottin úr jarðvegi einlægrar ástar til ættlandsins og byggja á íslenskum menningararfðum, sem svipmerkt hafa Íslendinga vestan hafs frá fyrstu landnámsárum þeirra og fram á þennan dag. Í kvæði sínu segir Stephan G. Stephanson m.a.: „*En svo ert þú, Ísland, í eðli mitt fest, að einungis gröfin oss skilur.*“ Skáldið talar beint úr hjarta alls þorra Íslendinga vestan hafs.

Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi, sem nú gengur undir nafninu *The Icelandic National League of North America (INLNA)*, var stofnað í mars 1919 í Winnipeg og fagnaði 100 ára afmæli síðastliðið vor með sérstakri afmælishátíð í Winnipeg. Á stofnfundinn mættu 20 fulltrúar Winnipeg-Íslendinga og að auki 22 fulltrúar frá öðrum íslenskum byggðarlögum í Norður-Dakota, Saskatchewan og Manitoba. Sýnir það ljóslega, hve sterk ítök félagshugmyndin átti í hugum Vestur-Íslendinga. Í stefnuskrá félagsins er lögð áhersla á varðveislu íslenskrar tungu og bókmennta þarlendis, nauðsyn öflugrar samvinnu milli Íslendinga yfir hafið, fjölþætt menningartengsl við ættlandið, „þar sem vér eigum vorar ætternislegu og andlegu rætur“. Félög innan samtakanna hafa frá upphafi haldið úti víðtækri útbreiðslu- og fræðslustarfsemi og stutt að íslenskukennslu barna og unglinga. Þá hafa samtökin staðið að heimferðum Íslendinga austur yfir álana og átt hlut að heimsóknum fjölmargra merkiskarla og -kvenna, menntamanna og listafólks, heiman af ættjörðinni.

Þjóðræknisfélag Íslendinga var stofnað 1. desember 1939. Fyrstu félagsstjórnina skipuðu alþingismennirnir Ásgeir Ásgeirsson, Jónas Jónsson og Thor Thors. Auk þess var kosið 26 manna fulltrúaráð. Markmið með stofnun félagsins var að „auka samskipti og samvinnu milli austur- og vestur Íslendinga“, eins og það var orðað. Tímasetning stofnunar félagsins er athyglisverð. Síðari heimstyrjöldin var nýhafin og samgöngur og öll samskipti voru mjög erfið.

Eftir stríðslok urðu hins vegar alger straumhvörf. Reglubundnar flugsamgöngur hófust milli Íslands og Norður-Ameríku og í kjölfarið voru skipulagðar fjölmargar hópferðir vestur á slóðir íslenskra landnema og einnig að vestan til gamla landsins, eins og Ísland var gjarnan nefnt af íslenskættuðu fólki í Kanada og Bandaríkjunum. Þjóðræknisfélag Íslendinga átti sitt blómaskeið á þeim áratugum sem fóru í hönd.

Á stríðsárunum sóttu íslenskir námsmenn mjög háskóla í Ameríku, þar sem engum var vært við menntastofnanir í Evrópu. Þó að námsmenn þessir dveldust margir hverjir allsunnarlega í Norður-Ameríku, komst töluverður hluti þeirra í kynni við landa sína vestra. Um 1950 fer fyrst verulega að kveða að gagnkvæmum heimsóknum Íslendinga og íslenskættaðs fólks vestra.

Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands var stofnaður árið 1964 á 50 ára afmæli félagsins. Stofnfé sjóðsins var hlutabréfaeign Vestur-Íslendinga í félaginu og var sjóðurinn stofnaður til minningar um alla þá Vestur-Íslendinga sem áttu hlut að stofnun Eimskipafélags Íslands á árinu 1914. Höfuðtilgangur sjóðsins er að stuðla að velgengni Háskóla Íslands og styrkja efnilega stúdenta til náms við þá stofnun. Frumkvæði að stofnun sjóðsins áttu bræðurnir Árni og Grettir Eggertssynir í Winnipeg en þeir, ásamt systkinum sínum og ekkju föður þeirra, Þóreyju Eggertsson, lögðu sjóðnum til töluvert stofnfé bæði í hlutafjáreign og peningum. Jafnframt hvöttu þeir aðra Vestur-Íslendinga til að láta af hendi bréf sín í félaginu sem framlag í sjóðinn og þeir sem það gerðu fyrir árslok 1966 töldust til stofnenda hans.

Sjóðurinn hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 2005. Frá 2006 hefur sjóðurinn styrkt rúmlega 140 nemendur skólans í doktorsnámi um tæplega 900 milljónir króna og eru styrkirnir til allt að þriggja ára. Að auki veitti sjóðurinn 500 milljóna króna styrk til uppbyggingar Háskólatorgs á árunum 2006-2007.

Ríkissjónvarpið gerði þáttaröð í tengslum við 100 ára afmæli landnámsins í Manitoba árið 1975 sem hefur að geyma mikilvægar heimildir um samskipti Íslendinga vestan og austan Atlantsála.

Einn af lykilmönnum við að efla samstarf Vestur-Íslendinga og Íslendinga í lok síðustu aldar var *Neil Bardal*. Hann var skipaður aðalræðismaður Íslands í Winnipeg árið 1994 og tók mikinn þátt í undirbúningi og framkvæmd fjölmargra viðburða í Kanada árið 2000 og margvíslegum framfaramálum til eflingar auknum samskiptum. Af alkunnu örlæti tók Neil á móti fjölmörgum gestum frá Íslandi og ók þeim um Nýja-Ísland, hverfið sem er svo mikilvægt í sögu íslensku byggðarinnar í Manitoba. Eftir að Ísland opnaði aðalræðisskrifstofu í Winnipeg varð Neil aðalræðismaður í Gimli.

5. Nýtt blómaskeið

Þó að hálf önnur öld sé frá því að Íslendingar fóru að flytjast búferlum til Vesturheims þá hefur íslenska arfleifðin varðveist mann fram af manni og fjölmargir afkomendur þeirra vestan hafs hafa Ísland í hjarta sínu.

Segja má að nýr kafli í samskiptum Íslands og Kanada hefjist árið 1989 með opinberum heimsóknnum Vigdísar Finnbogadóttur þáverandi forseta og Davíðs Oddssonar þáverandi borgarstjóra til Manitoba. Bæði lýstu áhuga á að byggja nýjar brýr á milli Manitoba og Íslands og vekja áhuga Íslendinga á að efla samskiptin við frændfólk sitt í Vesturheimi. Eftir þessar heimsóknir breyttust viðhorf íslenskra ráðamanna til íslenska samfélagsins í Vesturheimi. Þegar dró að þúsund ára afmæli landafunda árið 2000 hafði þáverandi ríkisstjórn frumkvæði að því að efla tengslin við afkomendur íslensku landnemana í Vesturheimi.

Halldór Ásgrímsson þáverandi utanríkisráðherra hafði mikinn áhuga á þessu málefni. Í aðdraganda þúsund ára afmælisins skapaðist einnig mikill áhugi fyrirtækja á að nýta tækifærið til að kynna Ísland fyrir íbúum Kanada og Bandaríkjanna.

Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi forseti Íslands, studdi mjög aukin samskipti við Vestur-Íslendinga. Heimsókn forsetahjónanna til Manitoba árið 1997 var samfélaginu þar mikil lyftistöng og hvatning. Ólafur Ragnar tók virkan þátt í hátíðarhöldunum í Kanada og Bandaríkjunum árið 2000 og heimsótti m.a. Manitoba, Norður-Dakota og Vancouver.

Í upphafi árs 1998 setti ríkisstjórnin á fót svokallaða Landafundanefnd sem ætlað var að halda utan um og samræma viðburði, einkum í Vesturheimi, til að minnst landafunda íslenskra manna vestanhafs fyrir þúsund árum og að 125 ár voru liðin árið 2000 frá því fyrstu Vestur-Íslendingarnir settust að í Kanada.

Aðalræðisskrifstofan í Winnipeg. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um stofnun aðalræðisskrifstofu í Winnipeg með sérstökum sendimanni var af mörgum túlkuð sem eins konar óskrifuð sáttargjörð við Vestur-Íslendinga. Fólki af íslenskum ættum í Manitoba fannst að Vesturförunum, sem flýðu erfiðleikana á Íslandi, hefði verið fyrirgefið. Íslensk stjórnvöld höfðu ákveðið að bæta fyrir neikvæð viðhorf og afskiptaleysi þjóðarinnar gagnvart þeirri ríku íslensku þjóðmenningu sem fólk af íslenskum ættum í Kanada og víða í Bandaríkjunum ræktaði og sameinaði það á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins. Segja má að skilaboð stjórnvalda hafi verið á þessa leið: *Söguna og menninguna eigið þið með okkur. Við skulum njóta hennar saman þó við séum þegnar í sitt hvoru landinu.* Þessi ákvörðun hefur sýnt sig að vera ein sú árangursríkasta til að efla samskiptin við fólk af íslenskum ættum í Kanada.

Meginhlutverk fyrsta aðalræðismannsins, Svavars Gestssonar, var í upphafi að vera framkvæmdastjóri hátíðarhaldanna í Kanada í tilefni 1000 ára afmælis landafundanna. Samtals voru um 200 viðburðir haldnir í Kanada á afmælisárinu og vöktu þeir gríðarlega athygli, bæði í Vesturheimi og á Íslandi.

Hlutverk skrifstofunnar og aðalræðismannsins var jafnframt að styrkja þau bönd sem binda saman Íslendinga og fólk af íslenskum ættum sem nú býr í Kanada. Sömuleiðis var ætlunin að leitast við að styrkja viðskiptatengsl landanna, ekki síst viðskiptatengsl Íslands við Manitoba-fylki. Greinargerð Atla Ásmundssonar, aðalræðismanns árin 2004-2013, yfir starfsemi skrifstofunnar 1999-2006, er gott yfirlit yfir það þýðingarmikla starf sem unnið var við að byggja upp og styrkja samskipti Íslands við Kanadamenn af íslenskum ættum. Á þessum árum

skipulagði aðalræðismaðurinn hundruð menningarviðburða í Manitoba og víða í Kanada auk þess að stuðla að fjölmörgum heimsóknum listafólks af íslenskum ættum til Íslands. Auk Svavars og Atla hafa Eiður Guðnason, Kornelíus Sigmundsson, Hjálmar W. Hannesson og nú síðast Þórður Bjarni Guðjónsson gegnt embætti aðalræðismanns í Winnipeg.

Á hverju ári hafa ráðherrar, alþingismenn og margir helstu ráðamenn þjóðarinnar heimsótt Íslendingabyggðir í Manitoba og Norður-Dakota, tekið þar þátt í hátíðarhöldum og ítrekað sáttagjörðina með því að lýsa yfir mikilvægi þess að styrkja þau bönd sem binda saman Íslendinga og fólk af íslenskum ættum. Aðalræðisskrifstofan í Winnipeg hefur skipulagt þessar heimsóknir í samráði við heimamenn með þeim hætti að íslensku gestirnir hafa snúið heim snortnir af þeirri gestrisni og þeim hlýhug sem mætir þeim.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, sérstakur heiðursgestur á Íslendingahátíðunum í Mountain og á Gimli sumarið 2018, sagði m.a. að lokinni heimsókn: „Það var merkilegt að heimsækja þessi svæði og finna þetta mikla vinarþel hjá þeim sem halda utan um samskipti Vestur-Íslendinga og Íslendinga ... Það er svo mikill einlægur vilji til þess að rækta samskiptin og það var magnað að skynja þennan mikla áhuga.“

Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, sérstakur heiðursgestur á Íslendingahátíðunum í Mountain og á Gimli sumarið 2019, hafði að lokinni heimsókn m.a. þetta að segja: „Það eru mikil tækifæri fólgin í því að rækta tengsl okkar við samfélög Vestur-Íslendinga í Kanada og Bandaríkjunum. Hér þekkir fólk mjög vel til Íslands, er stolt af íslenskum uppruna sínum og sækist í íslenska menningu. Á Þjóðlagahátíðinni í Winnipeg fyrr í sumar komu til að mynda fjórar íslenskar hljómsveitir fram en hátíðina sækja tugþúsundir gesta og á kvikmyndahátíðinni í Gimli í júlilok voru fjórar íslenskar kvikmyndir sýndar. Við erum staðráðin í að efla þessi tengsl á sviði menningar enn frekar.“

Ýmis önnur atriði undanfarinn aldarfjórðung hafa orðið til þess að vekja áhuga Íslendinga á ættfólki sínu og löndum í Vesturheimi. Hér skulu nokkur dæmi nefnd.

Vesturfarasetrið á Hofsósi var stofnað 1996 til heiðurs Íslendingum sem fluttust til Norður-Ameríku á árabílinu 1850-1914. Markmið setursins er að segja sögu fólksins sem fór og efla tengslin milli afkomenda þeirra og frændfólksins á Íslandi. Vesturfarasetrið býður upp á fjórar sýningar í þremur húsum auk ættfræðipjónustu, bókasafns, og íbúðar fyrir fræðimenn. Íslensk stjórnvöld hafa stutt dyggilega við bakið á forráðamönnum Vesturfarasetursins á Hofsósi og veitt fjárstyrki til uppbyggingar og reksturs setursins. Á skömmum tíma hafa þar skapast sterk tengsl við þjóðræknisfélög um alla Norður-Ameríku á sviði ættfræðirannsókna og menningarstarfsemi.

Vesturfarasögur Böðvars Guðmundssonar, Híbyli vindanna og Lífsins tré sem komu út árin 1995 og 1996, vöktu gríðarlega athygli Íslendinga á landnáminu í Vesturheimi. Böðvar rekur fjölskyldusögu vesturfarans Ólafs fíólíns og veitir lesendum einstaka innsýn í líf Íslendinga sem fluttust til Vesturheims á seinni hluta 19. Aldar, störf þeirra og kjör, vonir og þrár. Einnig vöktu mikla athygli **bækur Guðjóns Arngrímssonar Nýja Ísland** og **Annað Ísland** sem komu út árin 1997 og 1998. Höfundur segir sögu íslensku landnemanna á skýran og ljósan hátt og bregður upp einstæðum ljósmyndum frá árdögum landnámsins og fyrstu árunum í nýju landi.

Þjóðræknisfélag Íslendinga var endurreist 9. október árið 1997, á degi Leifs Eiríkssonar í Bandaríkjunum, að frumkvæði þáverandi utanríkisráðherra og með stuðningi þáverandi

ríkisstjórnar Íslands. Félagið hefur lagt áherslu á að tengja nýja kynslóð afkomenda landnema við Ísland. Starfsemi félagsins hefur eflst verulega frá endurreisn og hin síðari ár. Í því sambandi má nefna að árleg þjóðræknisþing félagsins hafa breyst úr 30-50 manna samkomum í 200-300 manna samkomur. Íslensk stjórnvöld hafa styrkt starfsemi félagsins fjárhagslega.

Snorraverkefni voru sett á fót árið 1999 og hafa frá upphafi verið leidd af Þjóðræknisfélagi Íslendinga í samvinnu við Norræna félagið og áhugasama aðila vestra. Síðar, eða 2011, kom Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi (INLNA) að framkvæmd Snorra West verkefnisins sem býður íslenskum ungmennum að heimsækja Íslendingasamfélög í Norður-Ameríku. Íslensk stjórnvöld hafa styrkt verkefnið fjárhagslega. Verkefnið gefur ungu fólki af íslenskum ættum í Norður-Ameríku tækifæri á að dvelja á Íslandi í 6 vikur, þar af 3 vikur hjá ættingjum, og kynnast sögu, menningu, ættingjum og náttúru landsins. Alls hafa rúmlega 300 ungmenni tekið þátt í þessu verkefni. Jafnframt hafa yfir 200 eldri Vestur-Íslendingar tekið þátt í Snorri Plus verkefninu auk þess sem tæplega 100 íslenskum ungmennum hefur gefist tækifæri á 4 vikna heimsókn á Íslendingaslóðir í Vesturheimi þar sem dvalið er hjá fjölskyldum af íslenskum ættum. Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með því hvernig áhugi þessa unga fólks á íslenska menningararfinum tendrast í þessum heimsóknum og hvernig ný vídd í þeirra lífi myndast í framhaldinu. Lauslega má ætla að með Snorraverkefnunum hafi myndast allt að 10.000 nánar tengingar milli Íslendinga og Vestur-Íslendinga sem ekki hefðu átt sér stað án þeirra.

Íslensk stjórnvöld og fyrirtæki fjármögnuðu að nokkru leyti framkvæmdir við **íslenska menningarmínjasafnið í Gimli**, „New Iceland Heritage Museum“ sem opnað var í október árið 2000. Í safninu er sögð saga landnámsins á Nýja-Íslandi og boðið upp á fjölbreytta möguleika til menningarstarfsemi af Íslands hálfu í framtíðinni.

Íslenskudeild við Manitoba-háskólann hefur starfað við góðan orðstír frá árinu 1951. Deildin er sú eina sinnar tegundar utan Íslands. Íslensk stjórnvöld fjármögnuðu um síðustu aldamót framkvæmdir við endurbætur á húsnæði fyrir íslenska bókasafnið í Winnipeg sem hefur aðsetur í Manitoba háskóla. Um líkt leyti voru að frumkvæði þáverandi menntamálaráðherra teknar upp háskólaráðstefnur Háskóla Íslands og Manitobaháskóla. Í heimsókn til Manitoba síðastliðið sumar greindi Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, frá ákvörðun íslenskra stjórnvalda um aukinn stuðning við íslenskudeild Manitoba-háskóla í Winnipeg þar sem Háskóli Íslands tekur á sig ákveðnar skyldur gagnvart íslenskudeildinni í Winnipeg.

Morgunblaðið hefur sýnt íslenskri arfleifð í Vesturheimi mikinn áhuga og Steinþór Guðbjartsson blaðamaður á Morgunblaðinu hefur um langt árabil sérhæft sig í þessum samskiptum og fréttaflutningi. Steinþór var ritstjóri Lögbergs-Heimskringlu á fyrsta áratug þessarar aldar. Steinþór hlaut árið 2005 æðstu heiðursverðlaun samtaka blaðamanna og rithöfunda sem fjalla um þjóðabrot í Kanada (The Canadian Ethnic Journalists' and Writers' Club).

Sjálfseignastofnunin Icelandic Roots var sett á fót árið 2013 af hjónunum Jeff og Sunnu Pam Furstenau og rekur ættfræðigrunn sem Hálfan Helgason ættfræðingur byggði upp og rak. Starfsemin byggir á vinnu fjölmargra sjálfbóðaliða sem vinna við að viðhalda og bæta við frekari upplýsingum í grunninn og aðstoða fólk beggja vegna Atlantsála við leit að ættingjum sínum. Öllum áskriftartekjum af starfseminni er varið til að styrkja margvíslega menningarstarfsemi sem miðar að því að skapa aukinn skilning á íslenskri arfleifð í Norður-Ameríku.

Fyrir atbeina aðalræðismannsins réðst RÚV í að gera **þáttaraðir um landnám Íslendinga í Vesturheimi** og hvernig afkomendum þeirra hefur reitt af. Fyrri þáttaröðin *Andri á flandri: Í Vesturheimi* var í umsjá Andra Freys Viðarssonar, sýnd á RÚV haustið 2012 og ætluð að vekja áhuga ungs fólks. Seinni þáttaröðin, *Vesturfararnir*, var í umsjá Egils Helgasonar, sýnd á RÚV haustið 2014, vönduð og heilstæð umfjöllun um viðfangsefnið og höfðaði sterkt til alls almennings. Þættirnir juku tvímælalaust áhuga landsmanna á þessum þætti í sögu og menningu Íslands og áttu þátt í að fólki sem heimsótti Íslendingaslóðir vestra fjölgaði næstu árin. Aðalræðismaðurinn aðstoðaði þáttagerðafólk, m.a. við að finna viðmælendur.

Atli Ásmundsson, aðalræðismaður hélt í samstarfi við utanríkisráðuneytið og Þjóðræknisfélag Íslendinga um 60 fyrirlestra um allt land á árunum 2011-2016 sem hann kallaði *Vinir í vestri*. Þar sagði hann frá kynnum sínum af fólki af íslenskum ættum í Manitoba og einlægri ást þeirra á íslenska menningarfinum. Fyrirlestrarnir voru vel sóttir og vöktu áhuga almennings á sögunni.

Árið 2007 var undirritaður nýr **loftferðasamningur milli Íslands og Kanada** sem veitti íslenskum flugrekendum víðtæk réttindi til áætlunarflugs milli landanna umfram það sem áður var. Vitað er að stuðningur vestur-íslenskra áhrifamanna í Manitoba réði úrslitum um svo hagfelldan samning, sem hefur orðið til þess að Kanadamenn hafa verið, miðað við höfðatölu, fjölmennastir ferðamanna til Íslands af öllum þjóðum.

Framangreind frumkvæðisverkefni hafa ótvírætt leitt til vaxandi áhuga Íslendinga á byggðum Vestur-Íslendinga. Skipulögðum hópferðum frá Íslandi á hin ýmsu landnámsvæði í Norður Ameríku hefur fjölgað verulega undanfarin ár. Einnig hafa heimsóknir Vestur-Íslendinga til Íslands stóraukist.

6. Tillögur um eflingu starfsemi aðalræðisskrifstofunnar í Winnipeg

Ísland hefur skyldum að gegna gagnvart þeim Íslendingum sem á sínum tíma fóru vestur um haf og afkomendum þeirra. Vestan hafs eru að öllum líkindum tugþúsundir karla og kvenna sem hafa bundist tryggðarböndum við land og þjóð. Þetta fólk er stolt af ætterni sínu og vill viðhalda sambandi og hafa í heiðri íslenskan menningararf. Ísland hefur ekki betri fulltrúa á erlendri grund en þetta fólk.

Okkur ber að varðveita og hlúa að þeim þætti í sögu Íslands þegar fimmtungur landsmanna flutti búferlum til Norður-Ameríku. Efla á skilning núlifandi Íslendinga á því framlagi sem þetta fólk lagði til nýja landsins og þá sterku ástúð og tryggð sem það sýndi Íslandi.

Það á að vera metnaðarmál íslenskra stjórnámamanna, forsvarsmanna fyrirtækja, listafólks og samtaka þeirra að nýta eins og kostur er þessa gríðarlegu auðlind fólks af íslenskum ættum í Manitoba og vesturhluta Kanada.

Aðalræðisskrifstofan í Winnipeg á eftir föngum að hafa forgöngu um að tengja þetta fólk milli svæða þar vestra og við fólk sem býr á Íslandi. Um er að ræða einstakt tækifæri vegna áhuga, vitundar og sterkra persónulegra tenginga sem eru til staðar. Eftirfarandi tillögur eru settar fram til að gera starf aðalræðisskrifstofunnar í Winnipeg markvissara í þessari viðleitni:

1. **Starfrækja á ótvírætt áfram aðalræðisskrifstofu í Kanada með útsendum sendimanni utanríkisþjónustunnar sem gegni því lykilhlutverki að treysta og efla tengsl Íslands við fólk í Kanada og aðra íbúa Norður-Ameríku af íslenskum ættum.** Stofnun skrifstofunnar árið 1999 markaði tímamót í bættum samskiptum Íslands við Vestur-Íslendinga og hefur verið grunnstoð og aflvaki í stórlega vaxandi samskiptum undanfarna tvo áratugi.
2. **Staðsetning skrifstofunnar í Winnipeg er eðlileg.** Hvergi er Ísland sjáanlegra erlendis en í Manitoba. Þú sérð, heyrir og getur smakkað Ísland í Manitoba; íslensk nöfn á býlum og bæjum, hvarvetna má sjá íslenska fánann við hún, margir skilja íslensku, kleinur, pönnukökur, vínarterta, hangikjöt og rúllupylsa eru kunnugleg matvæli. Orð eins og *amma og afi* eru í daglegu máli þessa fólks. Í Manitoba er finna Íslendingahátíðina í Gimli, fjölsóttustu hátíð þjóðarbrots í Kanada, íslenskudeildina við Manitoba háskóla sem Háskóli Íslands er í nánum samskiptum við, Menningarminjasafnið í Gimli (The New Iceland Heritage Museum) ásamt söfnum bygginga og sögu á Hecla-eyju, Arborg og Riverton, höfuðstöðvar tímaritsins, Lögbergs-Heimskringlu, unglitahópin Núna-Now, Gimli Film Festival, Winnipeg Folk Festival og fjölmörg Íslendingafélög víðs vegar í Manitoba.
3. **Aðalræðismaður í Winnipeg heyrir áfram undir sendiherrann í Ottawa.** Verksvið hans sé að þjónusta Kanadabúa af íslenskum ættum. Umdæmi hans sé Manitoba, Saskatchewan, Alberta og British Columbia. Aðalræðismaðurinn verði einnig gerður að **“special envoy of the Foreign Minister of Iceland to people of Icelandic decent in North America”**. Það gæfi honum umboð til samskipta við fólk af íslenskum ættum í Norður-Dakota, Minnesota og Washington-ríki. Aðalræðismaður hafi reglubundið samband við sendiherra Íslands í Ottawa (eigi sjaldnar en mánaðarlega) og veiti honum upplýsingar um fyrirhuguð verkefni eða heimsóknir (sérstaklega í Kanada utan Manitoba). Þá hafi aðalræðismaður reglubundið samband við sendiherra Íslands í

Washington og kjörræðismenn í framangreindum ríkjum fylkjum Kanada og ríkjum Bandaríkjanna (eigi sjaldnar en ársfjórðungslega). Fólk af íslenskum ættum er víðar að finna en þar sem Íslendingafélög starfa. Nefna má Íslendingasamfélög á Washington eyju í Visconsin, Point Roberts í Washington-ríki og Minneota í Minnesota.

4. **Aðalræðismaður verður að hafa einlægan áhuga á viðfangsefninu og ánægju af mannlegum samskiptum.** Hann á að hafa frumkvæði að viðburðum auk þess að taka þátt í öllu sem eftir getur tengslin. Ekki ætti að vera skilyrt að viðkomandi hafi starfað í utanríkisþjónustunni. Starfið krefst sveigjanlegs vinnutíma. Aðalræðismaðurinn mætir í þá mannfagnaði sem honum er boðið til eftir því sem tíma- og fjárhagsrammi hans leyfir. Þessi boð eru oft um helgar eða á kvöldin. Því er óhjákvæmilegt að maki aðalræðismannsins taki virkan þátt í starfinu.
5. **Verðandi aðalræðismaður fái fyrirfram skipulagða kynningu á starfinu og góða yfirsýn yfir verksvið aðalræðisskrifstofunnar.** Þannig fari hann til Winnipeg og fái kynningu, í fylgd starfandi aðalræðismanns og leiðandi fólks í Íslendingasamfélaginu þar. Til að afla fyllri upplýsinga um skipulagðar tengingar milli Íslands og Vestur-Íslendinga þá fundi verðandi aðalræðismaður með fyrri aðalræðismönnum Íslands í Winnipeg og núverandi og fyrrverandi formönnum Þjóðræknisfélags Íslendinga. Eitt fyrsta verk nýs aðalræðismanns skal vera að mynda óformlegan hóp leiðandi einstaklinga í samfélaginu í Manitoba sem verði hans stuðningskjarni sem hann hitti a.m.k. sex sinnum á ári.
6. **Tengiliðir í ráðuneytum.** Auk tengiliðar í utanríkisráðuneytinu hafi aðalræðismaður formlega tengiliði í forsætisráðuneyti og mennta- og menningarráðuneyti sem aðstoði hann m.a. við heimsóknir fólks, af íslenskum ættum til Íslands eða Íslendingum til Vesturheims, sem starfa á sviði lista, menningar, fjölmiðla og stjórn mála. Tengiliðirnir eru sérstakir fulltrúar viðkomandi ráðherra.
7. Aðalræðisskrifstofan hafi **virka Facebooksíðu eða heimasíðu** þar sem er að finna upplýsingar um öll störf aðalræðismannsins, heimsóknir, móttökur, viðræður o.fl. Þá hafi aðalræðismaður reglulegt samstarf við **Lögberg-Heimskringlu** og noti ritið sem upplýsingavettvang og fyrir greinarskrif.
8. **Fólk í forgrunni. Aðalræðismaður á að hafa frumkvæði að því að kynnast og eiga reglubundin samskipti við fólk af íslenskum ættum í Manitoba, Saskatchewan, Alberta og British Columbia.** Þetta fólk er menningarleg auðlind fyrir Ísland sem er ekki til annars staðar í heiminum. Í þessu sambandi má nefna áhrifafólk af íslenskum ættum, forsvarsfólk í Íslendingafélögum og öðrum menningarsamtökum sem sýna íslenskri arfleifð áhuga. Aðalræðismaður setur sér reglur um reglubundin samskipti. Manitoba er fjölmennasta byggðarlag Íslendinga í heiminum utan Íslands. Þar eru um það bil 100.000 manns sem rekja ættir sínar til Íslands.
9. **Aðalræðismaður og aðalræðisskrifstofan á að hafa frumkvæði að samskiptum við forsvarsfólk Íslendingasamfélagsins í Kanada með reglulegu millibili, mánaðarlega eða annan hvern mánuð.** Í Norður- Ameríku eru um 40 stofnanir og félög sem vinna að því að hlúa að íslenskum menningararfi. Sum starfa takmarkað og þá oftast í tengslum við ákveðna viðburði. Yfir 10 félög eru starfandi í Manitoba sem lúta stjórn Vestur-Íslendinga og hafa það að markmiði að sýna sögu sinni og menningu virðingu.

Öll sækjast þessi félög eftir samstarfi við Ísland og Íslendinga og þiggja allt liðsinni sem býðst. Þá eru í Alberta fjölmennustu félög Vestur-Íslendinga í Norður-Ameríku.

10. **Aðalræðismaður á að hafa frumkvæði að auknum menningarlegum samskiptum með gagnkvæmum heimsóknnum af ýmsum toga til og frá vesturluta Kanada. Aðkoma Íslandsstofu gæti verið mikilvæg ef til hennar er leitað.** Má þar nefna lista- og menningarsamskipti (svo sem Íslendingadaginn í Gimli, Gimli Film Festival, Núna Now, Winnipeg Folk Festival, Íslandsstofu, Útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar, íslenskar listamiðstöðvar), Snorraverkefni, viðskipti og ferðaþjónustu (Icelandair), stjórn mála-samskipti (ríkisstjórn, Alþingi), fjölmiðlun (Lögberg-Heimskringla, Winnipeg Free Press) og ættfræðisamskipti (Icelandic Roots, Sunna Pam Furstenau, Nelson Gerrard). Lífið snýst um mannleg samskipti og því er mikilvægt að kanna eftirspurn eftir viðskipta- og samskiptatækifærum. Meðal Kanadabúa af íslenskum ættum er fólk sem vegna persónulegrar sögu og tilfinningartengsla er tilbúið til að styðja Ísland og allt sem íslenskt er.
11. **Aðalræðismaður á að hafa frumkvæði að reglulegum samskiptum við íslenskudeild Manitobaháskóla.** Aðalræðismaður skal sem fyrr, eftir efnum og aðstæðum, flytja fyrirlestra um íslensk málefni í háskólum vesturfylkjanna fjögurra í Kanada, Norður-Dakota og Minnesota í góðri samvinnu við Íslendingafélögin þar og sendiherrana í Ottawa og Washington. Íslensk stjórnvöld með aðkomu Háskóla Íslands styrkja með fjárframlögum íslenskudeild Manitobaháskóla.
12. **Aðalræðismaður á að vera áfram sem hingað til tengiliður íslenskra stjórnvalda við héraðsstjórn Manitoba.** Íslensk stjórnvöld hafa þróað sterkara samband við héraðsstjórn Manitoba en nokkra aðra héraðsstjórn í Kanada. Aðalræðisskrifstofan í Winnipeg hefur gegnt þar lykilhlutverki. Ekki skal vanmeta að ráðamenn Manitoba-fylkis hafa áhrif bæði innan fylkisins og á landsvísu. Heimskautasvæðið er einnig sameiginlegt svæði sem skiptir Manitoba og Ísland miklu máli. Aðalræðismaður á að hvetja til og undirbúa heimsóknir íslenskra ráðamanna á Íslendingaslóðir í Vesturheimi og vera þeim innan handar. Á það skal minnt að í Manitoba er 17. júní tileinkaður Jóni Sigurðssyni forseta og í tæp 100 ár hefur styttn af Jóni haft veglegan sess í þinghúsgarðinum í Winnipeg. Winnipeg og Reykjavík og Gimli og Akureyri eru vinabæir en það býður upp á samskipti af margvíslegum toga.
13. **Aðalræðismaður á að hafa frumkvæði að því að koma á tengslum forsvarsmanna fyrirtækja í Manitoba og á Íslandi.** Manitoba er landbúnaðarhérað þar sem stundaðar eru fjölmargar greinar landbúnaðar. Winnipeg er rótgróin samgöngumiðstöð í Mið-Kanada. Þá búa í Alberta og British Columbia öflugir viðskiptamenn af íslenskum ættum sem tengja má betur við íslensk fyrirtæki.
14. **Aðalræðismaður skal aðstoða við að virkja unga þátttakendur í Snorraverkefninu frá Kanada og Bandaríkjunum til þátttöku í verkefnum sem snúa að íslensku arfleifðinni í Norður-Ameríku.** Því er jafnframt beint til stjórnar Þjóðræknisfélags Íslendinga að veita aðalræðismanni upplýsingar ár hvert um þátttakendur í Snorraverkefninu, netföng þeirra og hvaðan þeir koma. Upplýsingunum fylgi jafnframt beiðni um að aðalræðismaðurinn aðstoði við að tengja þátttakendur við forsvarsmenn í nærliggjandi

félagsdeildum eða forsvarsmenn verkefna sem hafa það að markmiði að efla íslensku arfleifðina í Norður-Ameríku.

15. **Aðalræðismaður á með reglubundnum hætti að heimsækja fólk í Íslendingabyggðum sem honum er ætlað að sinna.** Heimsóknir til fjarlægari byggða verða að taka mið af ráðstöfunarfé hverju sinni. Þær heimsóknir má gjarnan tengja öðrum atburðum sem aðalræðismani ber að sækja, svo sem ársþing Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (INLNA) sem haldið er á mismunandi stöðum.
16. **Starfshlutfall ritara verði lækkað niður í hálf starf samtímis því sem fjarskiptatækni verði nýtt í ríkari mæli. Þá verði könnuð hagkvæmni þess að lækka leigukostnað með því að skipta um húsnæði.** Áfram verði gert ráð fyrir sambærilegri samnýtingu íbúðar- og skrifstofu líkt og í núverandi húsnæði. Sparnaður sem hlýst af fyrrnefndum breytingum verði nýttur til að auka ferðamöguleika aðalræðismannsins.
17. **Sendiherra Íslands í Kanada sækir ár hvert helstu viðburði Íslendingasamfélagsins í Kanada.** Hér má nefna ársþing INLNA, Íslendingadaginn í Gimli og þorrablót eitt eða tvö.